



Atvinnuvega- og nýsköpunarnefnd

Öflugt atvinnulíf og varanlegur útflutningsvöxtur er forsenda hagvaxtar, framfara og góðra lífskjara. Reykjavíkurborg þarf leggja sitt af mörkum til að skapa heilbrigt og hvetjandi umhverfi fyrir atvinnulífið til þess að kraftar einstaklingsins njóti sín til fulls.

Lönaður er stærsta útflutningsgrein hagkerfisins þegar horft er til alls landsins. Útflutningstekjur greinarinnar námu 698 ma.kr. árið 2023 sem er 38% af heildarútflutningstekjum þjóðarbúsins. Þá er talin með stóriðjan sem kemur Reykjavík minna við. Til samanburðar námu útflutningstekjur ferðaþjónustunnar á síðasta ári 598 ma.kr. (32%) og sjávarútvegs 352 ma.kr. (19%). Ferðaþjónustan er aftur á móti stærsta atvinnugreinin í Reykjavík.

Reykjavíkurborg, sem höfuðborg Íslands, þarf að rækja sitt hlutverk þannig að hún þjóni landinu í heild sem best. Uppbygging Reykjavíkurhafnar fól í sér uppbyggingu, landflutningamiðstöðvar. Flugvöllur og flugstöð var reist í Reykjavík sem þjónaði öllu landinu á 20. öld. Sjálfstæðisflokkurinn leggur áherslu á eflingu Reykjavíkurflugvallar og nýja flugstöð við hann sem sinni landinu öllu enda er ljóst að sambærilegur flugvöllur á jafn góðum eða betri stað mun ekki verða að veruleika næstu áratugina.

Lægri skattheimta, skilvirkt borgarskipulag og góðar samgöngur fyrir almenningsfarartæki og einkabíla er lykilatriði fyrir uppbyggingu atvinnulífs í borginni á næstu áratugum. Sjálfstæðisflokkurinn ætlar að umbylta stefnu fyrrverandi meirihluta sem hefur knúið fyrirtæki, af öllum stærðum og gerðum til að flytja starfsemi sína út fyrir borgarmörkin. Tjón vegna fyrirtækjaflóttans er umtalsvert fyrir borgina.



1. Orka og iðnaður

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík leggur áherslu á að Reykjavíkurborg sé í fararbroddi þegar kemur að orkunýtingu. Reykjavík býr yfir einstökum möguleikum þegar kemur að nýtingu grænnar endurnýjanlegrar orku. Hugverkaiðnaður og tæknigreinar eru helstu vaxtarstoðir íslensks útflutnings og hafa nú þegar skapað mörg ný háframleiðnistörf. Sjálfstæðisflokkurinn telur mikilvægt að Reykjavíkurborg skapi atvinnulífinu þær aðstæður að fyrirtæki velji sér staðsetningu í höfuðborginni.

Sjálfstæðisflokkurinn mun leggja áherslu á að Reykjavík tryggi örugga orku fyrir heimili, fyrirtæki og opinbera þjónustu í Reykjavík og leggi sitt af mörkum til þess að vinna gegn orkuskorti sem skapast hefur hér á landi undanfarin 20 ár. Borgin þarf að hraða uppbyggingu innviða, m.a. neti hleðslustöðva fyrir rafbíla og að tryggja að orkuinnviðir séu nægjanlegir til þess að mæta framtíðarþörfum ört vaxandi atvinnugreina.

Eftir áratuga langt stopp í orkuöflun þarf Orkuveita Reykjavíkur að vera leiðandi þegar kemur að grænni orkuöflun næstu árin. Orkuskortur hefur þegar kostað íslenskt þjóðarþú marga milljarða í útflutningstekjum og þar með dregið úr samkeppnishæfni Íslands og verðmætasköpun hér á landi.

2. Matvælaframleiðslulandið Ísland – líka í Reykjavík

Innan Reykjavíkur er starfrækt fjölbreytt matvælaframleiðsla allt frá sjávarútvegi til landbúnaðar og allt þar á milli. Atvinnulíf innan borgarinnar leggur sitt lóð á vogarskálarnar við að útvega landsmönnum og ferðamönnum mat og skapa þau útflutningsverðmæti sem framleiðslunni fylgja.

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík mun standa vörð um fjölbreytni atvinnulífs. Skipuleggja þarf íbúabyggð og atvinnusvæði í góðu samstarfi og samráði milli hagaðila. Allt of mörg dæmi eru um að íbúum og atvinnurekendum hefur verið komið í ómögulega stöðu sem borgin ber



ábyrgð á. Tryggja þarf að hvort tveggja íbúðabygð og atvinnulíf fái þrífist við góð skilyrði í Reykjavík. Sjálfstæðisflokkurinn mun efla öll samskipti atvinnulífs og borgarstarfsmanna til að auka hraða við þróun verkefna.

3. Ferðapjónustan – einn af máttarstólpum atvinnulífsins

Ferðapjónusta er ein sterkasta stoð atvinnulífs í Reykjavík og hefur bein áhrif á tekjur, atvinnu og lífsgæði íbúa. Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík leggur áherslu á að skapa umhverfi fyrir ferðapjónustustuna þannig að hún styðji við nýsköpun, fjölbreytt atvinnulíf, menningu og listir og lifandi borgarmenningu. Til þess þarf m.a. skýra og fyrirsjáanlega leyfisferla.

Rík þörf er fyrir einfaldara og léttara regluverk, betra samstarf borgar og ríkis og öflugt samstarf við íbúa, fyrirtæki og hagsmunaaðila. Markmiðið er að Reykjavík verði aðlaðandi áfangastaður fyrir gesti borgarinnar.

Skilvirkt rekstrarumhverfi fyrir ferðapjónustu

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík vill einfalda leyfisferla fyrir veitinga- og gististarfsemi, og setja markmið um skýrt og fyrirsjáanlegt leyfisferli þar sem markmið er að þjónusta fyrirtæki og gera það aðlaðandi að koma með störf inn í atvinnulífið.

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík vill lækka þjónustugjöld sem leggjast þungt á ferðapjónustu. Tryggja þarf að gjaldskrárbreytingar séu alltaf kynntar með nægjanlegum fyrirvara þannig að fyrirtæki geti aðlagð rekstur sinn og fjárfestingar.

Bílastæði – aðgengi íbúa og ferðapjónustu

Tryggja þarf næg bílastæði í miðborg og á lykilsvæðum ferðapjónustu, endurskoða hækkun bílastæðagjalda og gera breytingar á bílastæðum eftir raunverulegt samráð við íbúa og rekstraraðila. Styðja skal uppbyggingu bílakjallara og hreinsa burt ónauðsynlegar hindranir hvað bílastæði varða.



Stafrænar lausnir og upplýsingagjöf

Reykjavíkurborg á að þróa sameiginlega stafræna gátt, þar sem einkaaðilar gegna lykilhlutverki, þar sem íbúar og gestir finna á einum stað upplýsingar um bílastæði, gjaldsvæði, Strætó, viðburði, salerni, söfn og veitingastaði, og hvetja ferðaþjónustufyrirtæki til að tengja sig beint inn í þá lausn. Vinna þarf til baka áherslu á ofurfjölgun og kostnað borgarinnar við stafrænar lausnir.

Samráð og samstarf

Festa á í sessi reglulegt formlegt samráð Reykjavíkurborgar við Samtök ferðaþjónustunnar, markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins og helstu rekstraraðila og gera að reglu að allar stærri breytingar á bílastæðum, gjaldsvæðum og samgöngum í miðborginni fari í gegnum slíkt samráð áður en þær eru samþykktar.

4. Verslun og þjónusta

Reykjavík á að vera besti staðurinn á landinu til að hefja rekstur og reka fyrirtæki, en þannig er það ekki í dag.

Hófleg skattlagning og sanngjörn gjöld

Hækkun fasteignagjalda á atvinnuhúsnaði, samhliða mikilli hækkun fasteignamats, hefur haft íþyngjandi áhrif á rekstur og leitt til verulegrar hækkunar á leiguverði atvinnuhúsnaðis.

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík mun lækka álögur, með það að leiðarljósi að Reykjavík sé samkeppnishæf við önnur sveitarfélög.

Koma þarf á afslætti á fasteignagjöldum fyrir smærri fyrirtæki og frumkvöðla, innan þess ramma sem lög heimila, til dæmis með lægri álagningarprósentu á minna atvinnuhúsnaði eða tiltekna flokka rekstrarhúsnaðis.



Gjaldtaka borgarinnar skal vera gagnsæ og hófleg, með það að markmiði að styðja betur við lítil og meðalstór fyrirtæki.

Þjónusta við fyrirtæki í stað hindrana

Borgin á að koma fram við fyrirtæki eins og viðskiptavini. Reglur borgarinnar um rekstur, leyfi og skipulag eiga að vera skýrar, einfaldar og aðgengilegar. Efla þarf stafræna þjónustu við fyrirtæki þannig að fyrirtæki geti sótt um, fylgst með og lokið helstu erindum á einum stað.

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík mun bjóða út hina ýmsu eftirlitsstarfsemi í borginni til að auka skilvirkni og draga úr kostnaði. Borgin á að leggja áherslu á leiðbeiningaskyldu sína gagnvart fyrirtækjum og rekstraraðilum þeirra og upplýsa og aðstoða í stað þess að beita refsingum sem fyrsta úrræði.

Skipulag og aðgengi fyrir atvinnulífið

Borgin skal tryggja nægt framboð atvinnulóða til að sinna kröftugri uppbyggingu atvinnulífs.

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík mun tryggja að í skipulagi miðborgar og allra hverfa borgarinnar sé gert ráð fyrir fjölbreyttri verslun og þjónustu og góðu aðgengi allra samgöngumáta.

Skortur á bílastæðum við verslun og þjónustu er ógn við rekstur. Ef aðgengi viðskiptavina er takmarkað leita þeir annað, tekjur dragast saman og reksturinn verður ótryggari.

Skortur á bílastæðum á uppbyggingarreitum þar sem gerð er krafa um verslunar- og þjónusturými á jarðhæð veldur því að mörg slík rými standa auð í borginni. Ekki er raunhæfur grundvöllur fyrir rekstur ef aðgengi viðskiptavina er skert. Þar að auki verða til óþarfa árekstrar milli íbúa og rekstraraðila ef keppast þarf um hvert laust bílastæði.



5. Hugvit og hugverkaiðnaður verði drifkraftur hagvaxtar

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík mun koma Reykjavík í fremstu röð meðal borga í tækniframþróun. Núverandi ástand er dragbítur á alla tækniþróun. Hugverkaiðnaður sem byggir á nýsköpun t.d. á sviði heilbrigðistækni, lífvísinda, gervigreindar, tölvuleikja o.fl. hefur vaxið hratt undanfarin ár. Slík atvinnustarfsemi getur orðið mikill vaxtarbroddur hér á landi á næstu áratugum. Reykjavíkurborg þarf að styðja við þessa starfsemi m.a. með því að úthýsa verkefnum á sviði stafrænnar þróunar.

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík mun stofna sérstakt þróunarsvið sem mun leggja áherslu á að styðja við þróun hugverkaiðnar og með það að markmið að koma borginni í fremstu röð. Það getur falist í fjárfestingum og lægri gjöldum borgarinnar. Þarna liggja tækifæri fyrir ungt fólk í dag sem vill vinna að þessari starfsemi. Reykjavíkurborg hefur lengi haldið í gamaldags stjórnsýslu og ekki litið til hugverkaiðnaðar sem stærsta tækifæri til atvinnuuppbyggingar í borginni. Hugverkaiðnaðurinn þarfnast hraða og aðlögunarhæfni innan stjórnsýslu borgarinnar.

Borgin þarf fylgja fast eftir hugmyndum um vísindabörp í tengslum við vísindasamfélagið, fyrirtæki og háskóla. Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík vill virkja hugvitið til hagvaxtar og leiða saman hagaðila á sviði vísinda og atvinnuþróunar. Þannig skapast tækifæri fyrir ungt fólk og fyrirtæki að sinna frumkvöðlastarfi í Reykjavík sem byggja jafnframt upp tengsl við landið allt og útlönd sem hefur alltaf verið hlutverk höfuðborgarinnar. Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík mun leggja áherslu á hugverkaiðnaður efflist og geti orðið stærsta atvinnugreinin í Reykjavík.

Samþykkt á Reykjavíkurbíngi, 22. nóvember 2025